

REGLUGERÐ

um próf fyrir dómtúlka og skjalfýðendur.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 32 2. nóvember 1914, um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalfýðendur, er hér með sett eftirfarandi reglugerð.

1. gr.

Peir, sem öðlast vilja rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalfýðendur samkvæmt lögum nr. 32 2. nóvember 1914, um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalfýðendur, skulu, eins og gert er ráð fyrir í 2. gr. nefndra laga, sanna kunnáttu sína í tungu þeirri, sem þeir vilja öðlast rétt til að túlka fyrir dómi og þýða skjöl úr og á, með því að ganga undir próf, þegar ráðuneytinu þykir ástæða til.

2. gr.

Prófi því, er um ræðir í 1. gr., skal hagað sem hér segir:

I. Skriflegt próf:

- a. Leggja skal út kafla úr mæltu íslenzku máli á það erlenda mál, sem um ræðir, og kafla úr því máli mæltu á íslenzku; skal það gert orðabókarlaust. Ef um þýzku er að ræða, skal hið þýzka verkefni vera prentað með gotnesku lettri. Auk þess sem úrlausnunum er ætlað að sýna almenna málþekkingu þess, er undir prófið gengur, í báðum málunum, skulu þær sýna, að hann kunnir vel rétttritun beggja mála og kunnir að setja greinarmerki svo sem vera ber.
- b. Leggja skal út úr íslenzku þrjá kafla á hið erlenda mál og jafnmarga kafla á íslenzku úr hinu erlenda máli. Skal einn vera úr verzlunarmáli, einn úr lagamáli og einn úr siglingamáli. Við úrlausnirnar má nota orðabækur, en engin hjálparmeðul önnur.

II. Munnlegt próf:

Sá, er undir prófið gengur, skal viðstöðulaust leggja talað mál út úr íslenzku á hið erlenda mál og úr því á íslenzku. Skal það vera gert stórvillulaust, skiljanlega og skipulega og jafnframt nákvæmlega. Skal við prófið sérstaklega lögð áhersla á flýti, minni, nákvæmni og glöggan skilning á því, hvað máli skipti og hvað aukaatriði sé. Sé um þýzku að ræða, skal sá, er undir prófið gengur, sýna, að hann geti lesið þýzkt ritletur (fljóta-skrift). Skal allt verkefni við hið munnlega próf tekið til skriflega fyrirfram. Verkefni á erlendu máli, sem lögð eru fyrir þann, sem undir munnlegt próf gengur, skulu sögð fram með eðlilegum talhraða þess máls, en hvorki hægar né hraðar.

3. gr.

Hver sá, er undir þetta próf gengur, verður áður að leggja fram vottorð tveggja valinkunnra manna, helzt yfirvalda sinna, um það, að hann sé íslenskur ríkisborgari, að hann hafi ekki gerzt sekur um neitt afbrot, sem talið er svívirðilegt að almenningsáliti, og um það, að hann sé að góðu kunnur. 4 18. jan.

4. gr.

Stjórnarráðið tilnefnir í hvert sinn mann þann, er prófa skal, og skal hann vera úr hópi dómtúlka og skjalbýðenda í því máli, er um ræðir, ef þess er kostur. Jafnframt skulu skipaðir tveir prófdómendur. Taka allir þeir í sameiningu til munnleg og skrifleg verkefni og leggja dóm á þau. Stjórnarráðið ákveður kaup manna við prófið.

Nú er enginn dómtúlkur til í því máli, er um ræðir, og skipar stjórnarráðið þá annan mann, er það telur til þess hæfan.

Séu engir til, er stjórnarráðið telur hæfa til að halda prófið, skal sá, er löggildingar æskir, leggja fram plögg, sem óyggjandi eru að dómi stjórnarráðsins, fyrir því, að hann hafi erlendis gengið undir próf hjá þar til hæfum mönnum, er sýni, að hann kunni hið erlenda mál til hlítar. Jafnframt skal hann ganga undir próf hér á landi, er sýni það, að hann ráði til fullnustu við íslenska tungu.

5. gr.

Að loknu prófi sendir sá, er prófinu stjórnar, stjórnarráðinu skýrslu um niðurstöðuna, og skal hún orðuð svo, að hinn prófaði hafi kunnáttu til þess að öðlast löggildingu eða ekki. Skulu prófdómendur undirrita með honum skýrsluna, og skulu henni fylgja hin munnlegu skriflegu verkefni sem og úrlausnir hinna skriflegu verkefna.

Sker stjórnarráðið síðan úr því, hvort löggilding skuli veitt eða ekki. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. janúar 1935.

Eysteinn Jónsson.

Gissur Bergsteinsson.